

Árið 1986, fimmtudaginn 17. júlí, var Kjaradómur settur að Rauðarárstíg 25 í Reykjavík og haldinn af Benedikt Blöndal, Jóni Finnssyni, Ólafi Nilssyni, Jóni G. Tómassyni og Stefáni Ólafssyni.

Fyrir var tekið:

1. Að taka ákvörðun um laun forseta Íslands, þeirra ríkisstarfsmanna, sem 3. mgr. 4.gr. laga nr. 46/1973 sbr. lög nr. 62/1985 tekur til, og ríkissáttasemjara.
-

I

Frá 1. mars 1986 skulu laun forseta Íslands vera 140.100 krónur.

II

Frá 1. mars 1986 skulu laun forseta Hæstaréttar vera 118.100 krónur en laun annarra hæstaréttardómara 110.300 krónur.

III

Frá 1. mars 1986 skulu laun forsætisráðherra vera 135.400 krónur en laun annarra ráðherra 126.400 krónur, hvort tveggja að meðtoldu þingfararkaupi.

IV

Frá 1. mars 1986 skulu laun ríkissaksóknara vera 110.300 krónur.

V

Frá 1. mars 1986 skulu laun ríkissáttasemjara vera 110.300 krónur.

VI

Frá 1. mars 1986 skulu laun biskups Íslands vera 96.300 krónur.

VII

Frá 1. mars 1986 skulu laun ráðuneytisstjóra vera 94.700 krónur.

VIII

Frá 1. mars 1986 skulu þessum ríkisstarfsmönnum greidd mánaðarlaun sem hér segir:

64.100 krónur: Ríkisskattanefndarmaður

68.600 krónur: Borgardómarar, borgarfógetar, héraðsdómarar og sakadómarar með allt að 9 ára starfsaldur

70.900 krónur: Borgardómarar, borgarfógetar, héraðsdómarar og sakadómarar með meira en 9 og allt að 13 ára starfsaldur

73.400 krónur: Borgardómarar, borgarfógetar, héraðsdómarar og sakadómarar með meira en 13 ára starfsaldur

75.900 krónur: Sýslumaðurinn í Dalasýslu
Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu
Bæjarfógetinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn í Strandasýslu
Bæjarfógetinn á Siglufirði
Bæjarfógetinn í Ólafsfirði
Bæjarfógetinn í Neskaupsstað
Sýslumaðurinn í Austur-Skaftafellssýslu
Sýslumaðurinn í Vestur-Skaftafellssýslu
Tollgæslustjóri
Verðlagsstjóri

81.200 krónur: Bæjarfógetinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu
Sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadals-
sýslu og bæjarfógetinn í Ólafsvík
Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu og
bæjarfógetinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu
Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu og
bæjarfógetinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu og
bæjarfógetinn á Húsavík
Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu og
bæjarfógetinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu og
bæjarfógetinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu
Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn í Árnessýslu og
bæjarfógetinn á Selfossi
Lögreglustjórin á Keflavíkurflugvelli

84.000 krónur: Formaður ríkisskattanefndar

86.900 krónur: Sýslumaðurinn í Kjósarsýslu og bæjarfógetinn
í Hafnarfirði, Garðabæ og á Seltjarnarnesi
Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu og
bæjarfógetinn á Akureyri og Dalvík

Sýslumaðurinn í Gullbringusýslu og bæjarfógetinn
í Keflavík, Grindavík og Njarðvík
Bæjarfógetinn í Kópavogi
Flugmálastjóri
Orkumálasjóri
Rafmagnsveitustjóri ríkisins
Rannsóknarlöggreglustjóri ríkisins
Skattrannsóknarstjóri
Tollstjórinn í Reykjavík
Yfirborgarfógetinn í Reykjavík
Yfirborgardómarinn í Reykjavík
Yfirsakadómarinn í Reykjavík

89.900 krónur: Rektor Háskóla Íslands
Sendiherrar

93.200 krónur: Forstjóri ríkisspítalanna
Löggreglustjórinn í Reykjavík
Póst- og símamálastjóri
Ríkisskattstjóri
Vegamálastjóri

Laun þessi skulu hækka um 3,06% 1. júní 1986 og taka sömu breytingu 1. september 1986 og laun, sem greidd eru samkvæmt samningum ríkisins við BSRB og BHMR. Ákvörðun þessa kafla tekur ekki til þeirra, sem nota heimild í bráðabirgðaákvæði I í lögum nr. 41/1984.

IX

Um launakjör þeirra starfsmanna ríkisins, sem Kjara-dómur ákveður laun skv. 3.mgr. 4. gr. laga nr. 46/1973 sbr. lög nr. 62/1985, eins og henni hefur verið breytt, skulu gilda eftirfarandi almenn ákvæði:

1. Mánaðarlaun eru þannig ákveðin, að ekki skal vera um frekari greiðslur fyrir venjubundin störf að ræða, þó að vinnutími sé að jafnaði lengri en 40 stundir á viku. Innheimtu- og uppboðslaun falla niður, þar sem um þau hefur verið að ræða. Komi til greiðslna fyrir yfirvinnu skal tímakaup vera 1% af mánaðarlaunum þess, sem í hlut á.
2. Starfsaldur borgardómara, borgarfógeta, héraðs-dómara og sakadómara ákveðst eftir sömu reglum og gilda um þá starfsmenn ríkisins, sem taka laun samkvæmt samningum þess og Bandalags háskóla-manna. Um aðrar starfsaldurshækkanir er ekki að ræða.

3. Um orlof skulu, eftir því sem við á, gilda þær reglur, er greinir í 4. kafla aðalkjarasamnings Bandalags háskólamanna og ríkisins. Um orlofssjóð skulu áfram gilda þær sérstöku reglur, sem mótaðar hafa verið í því efni.

4. Um önnur launakjör skal farið eftir hliðstæðum reglum og almennt gilda um ríkisstarfsmenn, eftir því sem við á, þar á meðal um persónuuppbót, ferðakostnað og slysatryggingar.

**2. Að taka ákvörðun um
þingfararkaup og kostnað
alþingismanna.**

1. Frá 1. mars 1986 skal þingfararkaup vera 75.900 krónur. Laun þessi hækka um 3,06% 1. júní 1986 og taka sömu breytingu 1. september 1986 og laun, sem greidd eru samkvæmt samningum ríkisins við BSRB og BHMR.

2. Húsnæðiskostnaður verði 12.900 krónur á mánuði frá 1. júlí 1986.

3. Dvalarkostnaður um þingtímann verði 500 krónur á dag frá 1. júlí 1986.

4. Dvalarkostnaður í kjördæmi verði 83.700 krónur frá 1. júlí 1986 miðað við ársgreiðslu.

5. Kostnaður við ferðalög í kjördæmi verði frá 1. júlí 1986:

Í Reykjavíkurkjördæmi 4.500 krónur á mánuði.

Í Reykjaneskjördæmi 8.300 krónur á mánuði.

Í öðrum kjördæmum 13.000 krónur á mánuði.

Benedikt Þorláksson — Ton Þimsson

Stefán Ólafsson

Ólafur Þimsson

Bókun:

Ég lít svo á, að framangreindar ákvárdanir um hækkun á launum frá 1. mars 1986 leiði af dónum Kjaradóms 8. júlí 1986 um sérkjarasamninga aðildarfélaga BHMR, en í þeim málum skilaði ég sératkvæði.

Jón E. Þorláksson,